

Fjárrekstur



Sólblóm

Framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar í ár er sýning á verkum tveggja listakvenna, þeirra Kristínar Jónsdóttur listmálara og Gerðar Helgadóttur myndhöggvara. Sýningin verður opnuð 1. júní og stendur í tvo mánuði. Hér er lítillega sagt frá hlut Kristínar í sýningunni og fjallað um Gerði Helgadóttur í blaðinu eftir helgi.

# Listaverk Gerðar og Kristínar á Kjarvalsstöðum frá 1. júní

Á YFIRLITSSÝNINGU Kristínar Jónsdóttur verða um tvö hundruð málverk frá ýmsum tímum á ferli hennar. Kristín hélt til náms í Kaupmannahöfn 1909 og var fyrsta íslenska konan, sem lagði fyrir sig myndlistarnám. Barnabörn

Kristínar, börn Huldu og Helgu heitinnar Valtýsdóttur, hafa undanfarna mánuði unnið við að skrá og taka myndir af málverkum Kristínar og hafa nú samtals tekið myndir af um 450 verkum, en óskráð munu að líkindum vera a.m.k.

150–200 til viðbótar. Þar af eru ýmis erlendis, en töluvert einnig hér í Reykjavík og úti á landi og eru það tilmæli ættingja listakonunnar, að haft sé samband við þá til að þeir fái að taka myndir af verkunum. Listmálararnir Þorvaldur

Skúlason og Jóhannes Jóhannesson munu síðan velja málverkin á sýninguna og stendur hún bæði júní og júlímánuð.

Eins og fyrr segir hélt Kristín Jónsdóttir til Kaupmannahafnar árið 1909, þá 21 árs að

aldri. Í tvö ár nam hún við Tegneskole for kvinder til undirbúnings námi sínu á Akademiinni og þaðan lauk hún prófi árið 1916. Fyrstu sýningu sína hér hélt hún ásamt Muggi í Miðbæjarskólanum í ágústmánuði 1915. Kristín dvaldist lengst af í Danmörku til ársins 1923, að hún flutti heim alkominn, en hún var þó iðulega hér á sumrin, ferðaðist um landið og málaði. Fyrsta sýning erlendis sem hún átti verk á var Vorsýningin á Charlottenborg árið 1915 og síðan átti hún myndir á þeirri sýningu á hverju vori fram til ársins 1921. Listasafn Íslands keypti fyrstu myndina sem það eignaðist eftir Kristínu árið 1916, nefnist hún „Saltfiskverkun“.

Eftir að Kristín fluttist heim hélt hún allmargar sýningar, þá fyrstu árið 1924 og síðan með nokkurra ára milli bili um margra ára skeið. Síðast sýndi hún 1952. Hún andaðist 1959 og síðasta sýning á verkum hennar fram til nú, var haldin árið 1962, fyrir forgöngu dætra hennar Huldu og Helgu Valtýsdætra.

Kristín var afkastamikill listakona sem naut mikillar viðurkenningar fyrr og síðar. Hún málaði landslagsmyndir en er einnig mjög þekkt fyrir blóma- og kyrralífsmýndir sínar. Hún ferðaðist alla tíð mikið um úti á landi og málaði, m.a. á Akureyri, var í Möðrudal um hríð, málaði í Húsafelli, á Þingvöllum og víðar.


h.k.



Kristín Jónsdóttir í vinnustofu sinni.



Kvöld í baðstofu.



Hannes Hafstein. Kristín mun hafa málað þessa mynd eftir ljósmynd á árunum milli 1930–'40. Hún fékkst annars sáralítið við mannamyndamálun.